

Athugun á rauðbrystingum í Þorska-, Djúpa- og Gufufirði í maí 2012

Unnið fyrir Vegagerðina

Böðvar Þórisson

Júlí 2015
NV nr. 28-15

ÚTDRÁTTUR

Fyrirhuguð er vegagerð frá Bjarkalundi að Skálanesi í Gufufirði í Reykhólahreppi og er framkvæmdin matskyld. Í tillögu að matsáætlun árið 2012 er kynnt ein leið þar sem Þorskafjörður er þveraður á milli Laugalands og Grenitrésnes. Þar sem framkvæmdin hefur áhrif á fjörur þá þarf að kanna hugsanleg áhrif hennar á fugla.

Vaðfuglar nota fjöru til fæðuöflunar og er fjöldi þeirra mestur um miðjan maí þegar bætist við íslenska stofna, fuglar sem fara um landið á leið sinni til Grænlands og Kanada. Stærsti einstaki stofn sem fer um Ísland á þessum tíma er rauðbrystingur (*Calidris canutus*, undirtegund *C.c. islandica*) en um 270.000 fuglar (77% af heimsstofni) fara um Ísland og þar af hefur 65% af stofninum viðkomu í Breiðafirði. Rauðbrystingur er ábyrgðartegund Íslands þar sem stór hluti stofnsins kemur við hér á landi.

Athugunin fór fram 24. maí 2012 en stórstreymi var 22. maí. Könnuð var fjaran úr bíl frá Stað að Laugalandi í Þorskafirði en einnig var fjaran gengin á kafla við Laugaland. Frá Hallsteinsnesi var fjaran gengin að Grenitrésnesi. Fuglar voru taldir frá vegi í botni Gufufjarðar.

Lítið sást af við Laugaland og utar. Á um 900 m kafla við Grenitrésnes sáust nokkrir litlir hópar og voru þeir flestir rétt vestan við nesið, samtals 240 einstaklingar. Við Hallsteinsnesið voru 940 rauðbrystingar að éta en flugu síðan í átt að Þorskafirði.

Í botni Gufufjarðar sáust um 1000 rauðbrystingar í fæðuöflun.

Svæðin við Grenitrésnes og Laugaland virðast ekki vera mikilvæg fyrir rauðbrystinga. Fjaran við Grenitrésnesið er þó víðfeðm og það geta leynst víða litlir hópar í fæðuöflun á háfjörinni.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
INNGANGUR	4
Rannsóknarsvæði og framkvæmdin	4
AÐFERÐIR	4
NÍÐURSTÖÐUR	6
Verndarákvæði	6
UMRÆÐUR	7
Vegagerð	7
HEIMILDASKRÁ	8

INNGANGUR

Fyrirhuguð er vegagerð frá Bjarkalundi að Skálanesi í Gufufirði í Reykhólahreppi og er framkvæmdin matskyld. Vegagerðin óskaði eftir vorið 2012 að Náttúrustofu Vestfjarða athugaði notkun vaðfugla, með áherslu á rauðbrystinga, á fjörum í nágrenni Laugalands í sunnanverðum Þorskafirði og Grenitrésnes í norðanverðum Þorskafirði.

Vaðfuglar nota fjöru til fæðuöflunar og er fjöldi þeirra mestur um miðjan maí þegar bætist við íslenska stofna, fuglar sem fara um landið á leið sinni til Grænlands og Kanada. Stærsti einstaki stofn sem fer um Ísland á þessum tíma er rauðbrystingur (*Calidris canutus*, undirtegund *C.c. islandica*) en um 270.000 fuglar (77% af heimsstofni) fara um Ísland og þar af hefur 65% af stofninum viðkomu í Breiðafirði (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Rauðbrystingur er ábyrgðartegund Íslands þar sem stór hluti stofnsins kemur við hér á landi (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 2012).

Mikilvægi fjörusvæða fyrir vaðfugla voru kannaðar í viðamikilli athugun úr lofti árið 1990 (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991, Guðmundur A. Guðmundsson og Arnthor Gardarsson 1993) og þar á meðal fjörusvæði í Reykhólahreppi. Einnig hafa fjörusvæði verið könnuð bæði fyrir og eftir 1990 með tilliti til fæðuöflunar fugla (Agnar Ingólfsson 1995, Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005, Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008).

Rannsóknarsvæði og framkvæmdin

Fjörur í Þorskafirði einkennast af stórrí leiru í botni fjarðarins (innan Þórisstaða) og klettadröngum með leiruskikum, þá sérstaklega norðan megin (sjá t.d. Agnar Ingólfsson 1975). Einnig eru leiruskikar á milli hólma og lands. Klóþang (*Ascophyllum nodosum*) er algengast þangtegundin í fjörunni en einnig er bólupang (*Fucus vesiculosus*) algengt.

AÐFERÐIR


Athuganir hafa sýnt að toppur í fjölda rauðbrystinga er um miðjan maí og þá í kringum stórstraum (Arnþór Garðarsson og Ólafur Karl Nielsen 1989). Toppurinn getur þó verið seinni á Vestfjörðum heldur en á Suðvesturlandi (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Athugunin fór fram 24. maí 2012 en stórstreymi var 22. maí. Fjara var kl. 15:09 við Reykhóla (Háskóli Íslands 2012) og er fjaran á svipuðum tíma við Laugaland og Grenitrésnes.

Keyrt var frá Stað á Reykjanesi að Laugalandi og fjaran skoðuð úr bíl. Hún sést ágætlega frá Hraunastöðum (eyðibýli) að Lauglandi en þetta er um 4,5 km. Athugunin var á milli kl. 10 og 11 en þá var byrjað að falla út. Við Laugaland var fjaran gengin og fuglar skráðir. Um tvö leytið var haldið til baka að Stað og fuglar skráðir í fjörunni.

Gengið var frá Hallsteinsnesbænum og niður í fjöru, þaðan að Grenitrésnesi. Gengið síðan til baka að Hallsteinsnesi eða þar sem fyrirhuguð þverun er í Djúpafirði.

Rauðbrystingar voru taldir í fjörunni en einnig voru aðrir fuglar skráðir. Athuginin stóð frá kl.16:40 til 18:20.

Keyrt var síðan inn Djúpafjörðinn og voru fuglar taldir á leiðinni. Einnig voru rauðbrystingar taldir í Gufufjarðarbotni, fjórum tímum eftir há fjöru. Athugunarsvæðin má sjá á mynd 1.



Mynd 1. Athugunarsvæðin merkt með bláum flákum. Kort: NAVE/Hulda Birna Albertsdóttir.

Notaðir voru sjónaukar (leica 8*32), telescope (20*60 og 15-45*60) og GPS staðsetningartæki.

NIÐURSTÖÐUR

Lítið sást af rauðbrystingi frá Hraunastöðum að Laugalandi. Engir rauðbrystingar sáust þar sem fyrirhuguð þverun er við Laugaland en 34 fuglar voru í fjöru rétt utan við bæinn (tafla 1).

Á um 900 m kafla við Grenitrésnes sáust nokkrir litlir hópar og voru þeir flestir rétt vestan við nesið. Einn 600 fugla hópur var við Hallsteinsnes og flaug hann upp þegar komið var að honum. Flestir flugu í átt að Reykjanesinu en hluti af hópnum færði sig aðeins til og hélt áfram að éta. Fuglarnir voru mikið á hreyfingu enda byrjað að flæða að. Samtals voru 1260 fuglar við Hallsteinsnes og í austanverðum Djúpafirði (tafla 1).

Í botni Gufufjarðar sáust um 1000 rauðbrystingar í fæðuöflun (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi rauðbrystinga í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði 24. maí 2012.

Svæði/staður	Flóð/fjara	Fj.	Lýsing
Þorskafjörður, sunnan			
Hraunastaðir-Laugaland	Flóð	310	Fuglar í hvíld á hólum, 240 stærsti hópurinn.
Laugaland	Flóð/fjara	34	Éta.
Hraunastaðir-Laugaland	Fjara	295	Éta, stærsti hópurinn við Hraunstaði.
Þorskafjörður, norðan			
Grenitrésnes	Fjara	240	Éta.
Djúpifjörður			
Hallsteinsnes	Fjara/flóð	940	Tveir hópar. Éta og fljúga síðan í átt að Þorskaf.
Hallsteinsnes	Fjara/flóð	220	Á flugi yfir nesinu frá Djúpafirði.
Djúpifjörður	Fjara/flóð	100	Tveir 50 fugla hópar að éta.
Gufufjörður			
Gufufjörður, botn	Flóð	990	Í botni fjarðarins, éta. 2 tímar í flóð.

Verndarákvæði

Breiðafjörðurinn nýtur sérstakar verndar samkvæmt lögum nr. 53/1995. Hluti af svæðinu er á náttúruminjasrá (Náttúruverndarráð 1996) og á heimasíðu Umhverfisstofnunar (2012) má sjá eftirfarandi lýsingu „303. *Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur, fitjar og sjávertjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Víðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð*“.

Breiðafjörður hefur ekki verið tilnefndur á skrá Ramsar samnings (Ramsar Convention, 1971) af hálfu Ísland en uppfyllir þó öll skilyrði hans. Markmið samningsins er að „...vernda votlendissvæði sem eru fyrst og fremst búsvæði votlendisfugla. Vernda skal öll svæði sem hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla. Svæði telst hafa alþjóðlegt gildi ef þar halda sig að jafnaði 20.000 fuglar af tiltekinni tegund eða hið minnsta 1% fugla af tiltekinni tegund eða undirtegund“ (Norræna Ráðherranefndin 2006).

Fuglar og búsvæði þeirra njóta ákveðinnar verndar samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum. Íslendingar bera ábyrgð á mörgum fuglategundum vegna hversu stórt hlutfall af heildarstofnstærð ákveðinna tegunda í Evrópu verpur hér á landi eða fer um landið á leið til varp- og vetrarstöðva. Rauðbrystingur er dæmi um ábyrgðartegund en hann fer um Ísland á leið til og frá varpstöðum (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012, Ólafur Einarsson o.fl. 2002). Einnig er Ísland aðili að alþjóðlegum samningum er snýr að verndun fugla og búsvæða þeirra. Þetta eru Ramsarsamningurinn um votlendi (Ramsar Convention 1971) og Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr (Council of Europe 1979). Aðild Íslands að þessum samningum öðlaðist gildi 1978 og 1993.

UMRÆÐUR

Rauðbrystingatalning í Þorskafirði var heldur í seinna lagi (24. maí) en þó eru tölur við Hallsteinsnes og í botni Gufufjarðar sambærilegar við fyrri rannsóknir (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson, 2005; Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson, 2008). Við athuganir 2003 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson, 2005) sást að rauðbrystingurinn stoppaði stutt við Hallsteinsnesið á leiðinni út úr Djúpafirði þegar tók að flæða. Þetta sást einnig núna en líklega eru þarna líka litlir hópar í fæðuöflun á há fjörinni.

Fjörur við Grenitrésnes og Laugaland virðast ekki vera mikilvægar fyrir rauðbrystinga. Fjaran við Grenitrésnesið er þó víðfeðm og það geta leynst víða litlir hópar í fæðuöflun á háfjörinni.

Vegagerð

Athuganir beindust fyrst og fremst hvort fjörusvæði við Laugland og Grenitrésnes í Þorskafirði væru mikilvæg fæðusvæði fyrir fugla á vorin en svo virðist ekki vera.

HEIMILDASKRÁ

Agnar Ingólfsson. 1975. Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Þorskafjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða. Fjölrit nr. 8. Líffræðistofnun Háskólans.

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir á fjörum í Önuðarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson. 1991. Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla. Áfangaskýrsla.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2005. Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni. Unnið fyrir Vegagerðina vegna mats á umhverfisáhrifum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 06-05.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008. Rauðbrystingur í Barðastrandarsýslum 2006-2007. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1.08.

Council of Europe. 1979. Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Heritage. Bern, Switzerland.

Guðmundur A. Guðmundsson og Arnthor Gardarsson. 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. Echography, Vol 16: 82-93.

Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn H. Skarphéðinsson. 2012. Vöktun íslenskra fuglastofna. Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-12010.

Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ramsar Convention. 1971. Convention on Wetlands of international importance Especially as Waterfowls Habitat. Ramsar, Íran.

Náttúruverndarráð. 1996. Náttúruminjaskrá: skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð.

Norræna Ráðherranefndin. 2006. Bjartari framtíð. 13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi. Temanord 2006:563.

Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson. 2012. Almanak fyrir Ísland 2012. Háskóli Íslands.

Umhverfisstofnun. 2012. Náttúruminjaskrá Vestfjarða. Sótt 3. október 2012 af

<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/vestfirdir/>